



Fréttatilkynning frá  
skrifstofu forseta Íslands

## OPINBER HEIMSÓKN Í FJARÐABYGGÐ

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fer í opinbera heimsókn í Fjarðabyggð mánudaginn 8. maí og stendur heimsóknin í þrjá daga. Forseti ferðast vítt og breitt um sveitarfélagið, heimsækir helstu stofnanir þess, kynnir sér atvinnu- og menningarlíf og ræðir við fólk á öllum aldri. Meðal annars mun hann heimsækja efri byggðir Neskaupstaðar og kynna sér áhrif snjóflóðanna sem fíllu þar í mars. Þá verður haldin hátiðarsamkoma á Eskifirði fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Heimsóknin hefst á mánudagsmorgni með fundi á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar á Reyðarfirði. Þaðan liggur leiðin til Neskaupstaðar þar sem forseti mun skoða áhrifasvæði snjóflóðanna. Í Neskaupstað heimsækir hann einnig Umdæmmissjúkrahús Austurlands, Síldarvinnsluna og samvinnuhúsið Múlann, áður en sight verður til Mjóafjarðar. Samgöngur við Mjóafjörð geta verið erfiðar yfir vetrarmánuðina og er því sjóleiðin farin. Þar búa að jafnaði um tíu manns í einni afskekktustu byggð landsins og verður efnt til kaffisamsætis með íbúum.

Á þriðjudag liggur leið forseta til Breiðdalsvíkur og á Stöðvarfjörð. Þar mun hann ræða við nemendur grunnskólans, sem er samrekinn og sækja börnin kennslu til skiptis milli byggðarlaganna tveggja. Forseti heimsækir einnig Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði en þar hafa listamenn frá ýmsum löndum aðstöðu til sköpunar í gamla hraðfrystihúsinu sem verið er að gera upp. Forseti snæðir svo hádegisverð með eldri borgurum á Stöðvarfirði en heldur að því loknu til Fáskrúðsfjarðar. Þar heimsækir hann hjúkrunarheimilið Uppsali, Skólamiðstöð Fáskrúðsfjarðar og Loðnuvinnsluna.

Klukkan 17:00 á þriðjudag efnir bæjarstjórn til hátíðarsamkomu í Menningarmiðstöðinni á Eskifirði fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Miðvikudaginn 10. maí heldur forseti til Reyðarfjarðar þar sem hann heimsækir leik- og grunnskóla bæjarins. Þá snæðir forseti hádegisverð með starfsfólki í móttuneyti Alcoa Fjarðaáls sem er fjölmennasti vinnustaður sveitarfélagsins. Eftir hádegi heimsækir forseti Hjúkrunarheimilið á Eskifirði, netagerðina Egersund og fær kynningu á starfsemi Laxa fiskeldis.

Opinberri heimsókn í Fjarðabyggð lýkur síðdegis á miðvikudag með skoðunarferð um nýtt íþróttahús á Reyðarfirði, þar sem forseti lítur inn á íþróttæfingar hjá Ungmennafélaginu Val. Að síðustu heimsækir forseti sauðfjárbúið Sléttu í Reyðarfirði, þar sem sauðburður stendur yfir, áður en haldið verður heim til Bessastaða.

7. maí 2023

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).*